

Titill: Leiklist 1. Grunnáfangi

Skammstöfun: LEIK2AB05

Námsgrein: Leiklist

Viðfangsefni: Grunnáfangi

Prep: 2

Einingafjöldi: 5

Forkröfur: Engar

Lýsing:

Upphafsfangin í leiklist. Markmið er að virkja og þroska líkama og huga nemenda til að nýta við hugmyndavinnu sem miðar að leikrænni sköpun. Nemendur þjálfá einbeitingu, snerpu, ímyndunarafl, rýmisskyn og að sýna fyrir áhorfendur. Samvinna og hlustun er æfð og áhersla er á að setja sig í karakter. Nemendur gera fyrirlestur um efni úr leiklistarsögunni og flytja. Lokaverkefni er sýning þar sem goðsaga, þjóðsaga eða ævintýri er umskapað og fært um stað og tíma.

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- Mikilvægi hugmyndavinnu í leiklist.
- Ferlinu frá hugmynd til sýningar.
- Mikilvægi samvinnu og hlustunar í leiklistarvinnu.
- Mikilvægi líkamans í vinnu leikarans.
- Mikilvægi þess að þjálfá einbeitingu, snerpu, ímyndunarafl og rýmisskyn í leiklist.
- Hvað felst í því að setja sig í karakter.
- Hvað felst í því að sýna leiklist fyrir áhorfendur.
- Hvernig nýta má leiklist til framsetningar á skapandi hátt.

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í:

- Spunavinnu
- Hugmyndavinnu, sköpun og sjálfstæðum vinnubrögðum.
- Vinnu með líkamann og raddbeitingu.
- Einbeitingu, snerpu, rýmisskynjun og notkun ímyndunarafls.
- Hópvinnu frá hugmynd til sýningar.
- Að taka við og veita uppbyggilega gagnrýni
- Að setja sig í hlutverk.
- Samvinna og hlustun.
- Að sýna fyrir áhorfendur
- Nýta sér leikræna framsetningu á skapandi hátt á öðrum vettvangi en í leiksýningu.

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- Vinna með grunntækni leikarans í leikrænum aðstæðum
- Setja sig í hlutverk og halda því í leikrænum aðstæðum.
- Setja á svið stutta leikþætti samda út frá gefnum forsendum og sýna þá fyrir áhorfendur
- Þróa spunavinnu að fullunninni sýningu
- Nálgast stuttar senur út frá grunntækni leikarans
- Vinna kynningu á efni sem tengist leiklistarsögunni.

Námsmat

Leiðsagnarmat er á vinnubrögðum nemenda í hverjum tíma. Sérstök verkefni eru metin til loka-einkunnar ásamt mætingu og símati. Stöðug endurgjöf felst í uppbyggilegri gagnrýni á verk nemenda, bæði frá kennara og samnemendum. Í lokin gera nemendur lokaverkefni sem sameinar allt sem unnið hefur verið með á önninni í eitt verkefni. Fyrir það fá þeir umsögn og einkunn.